

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla

2019-2020

26.júní 2020

Freydís Bjarnadóttir

Gísli Pálsson


Hermann Hermannsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir




Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Starfsemi skólans.....	5
2.1	Námsbrautir í FSN.....	5
2.2	Markmið og hlutverk	5
2.3	Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál.....	7
2.4	Nám og kennsla	8
2.5	Námsmat	9
2.6	Nýir áfangar og nýjar brautir	11
2.7	Erasmusverkefni	11
2.8	Skólaráð	11
3	Sjálfsmat í FSN	11
3.1	Um námsárangur	12
3.2	Kennslumat.....	12
3.3	Sjálfsrýni kennara	13
3.4	Stofnun ársins.....	13
3.5	Framhaldsskólapúlsinn	13
3.6	Viðhorfskannanir	14
3.7	Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta	15
3.8	Viðhorfskönnun vorannar – nám og kennsla	15



3.9	Rýniviðtöl við nemendur	16
3.9.1	Rýniviðtal haustönn 2019	16
3.9.2	Samantekt:.....	17
3.9.3	Rýniviðtöl við útskriftarnema	18
3.10	Húsfundir með nemendum og starfsfólki FSN.....	20
3.11	Fjárhagur og rekstur	20
3.12	Styrkleikar, veikleikar og úrbætur	21
3.12.1	Styrkleikar	21
3.12.2	Veikleikar	21
3.12.3	Urbætur og tækifæri.....	21



1 Inngangur

Framhaldsskólum landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:


- a) Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b) Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c) Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d) Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Um innra mat segir svo í 41. grein framhaldsskólalaga:

„Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“

Sjálfsmat skóla á því að bæta skólastarfið og finna það sem vel er gert og laga það sem betur má fara. Þau atriði sem ráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum eru m.a. að sjálfsmatið sé:

- a) Formlegt: Sjálfsmatið skal byggja á kerfisbundnum aðferðum sem settar hafa verið fram skriflega.
- b) Altækt: Sjálfsmatið nái til allra helstu þátta skólastarfsins.
- c) Áreiðanlegt: Sjálfsmatið byggi á traustum upplýsingum og áreiðanlegum mælingum um mat á skólastarfi.
- d) Samstarfsmiðað: Sjálfsmatið séunnið í samvinnu starfsfólks, nemenda, skólanefndar og foreldraráðs.
- e) Umbótamiðað: Sjálfsmatið sé nýtt til að vinna að umbótum í skólastarfinu.



- f) *Árangursmiðað: Sjálfsmatið byggir sem mest á markmiðum sem eru mælanleg og geri kleift að meta árangur í ýmsum þáttum skólafarfa.*
- g) *Stofnana- og einstaklingsmiðað: Sjálfsmatið þarf að taka til bæði skólans í heild og þeirra einstaklinga sem þar vinna.*
- h) *Lýsand: Sjálfsmatið feli í sér greinargóða lýsingu á starfsháttum og aðstæðum í skólanum.*
- i) *Greinandi: Í sjálfsmatinu komi skýrt fram greining á styrk- og veikleikum skólans.*
- j) *Opinbert (að hluta): Megin niðurstöður sjálfsmats komi fram í opinberri sjálfsmatsskýrslu.*

2 Starfsemi skólans


FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.

2.1 Námsbrautir í FSN

Samkvæmt nýrri námskrá geta nemendur valið um fjórar námsbrautir til stúdentsprófs: náttúru- og raunvísindabraut, félags- og hugvísindabraut, íþróttabraut og opna braut. Framhaldsskólabraut er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfniviðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Hægt er að ljúka 90 eininga námi af framhaldsskólabraut 1 eða framhaldsskólabraut 2. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu.

2.2 Markmið og hlutverk

Einkunnarorð FSN eru framsækinn framhaldsskóli. Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða fjarnemendum. Þessi skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og fjarnemendur sem eru í sama áfanga eru allir í sama hópnum. Áherslur í námi



og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans og stuðlar að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Skólanefnd staðfestir skólanámskrá, veitir umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun auk samráðs og eftirlits með starfi skólans. Við skólann starfar auk stjórnenda ráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (50%), fjármálastjóri (100%), mannauðsstjóri (25%), deildarstjóri starfsbrautar 100%, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði 100%, ritari 50%, húsvörður 100%, kerfisstjóri, tveir ræstitæknar (50% og 12,5%), einn stuðningsfulltrúi (100%) í Grundarfirði og 19 framhaldsskólakennarar í 14 stöðugildum.

Fjarnemum hefur lítið fjölgað frá fyrra ári. Skólinn er í samstarfi við Fjarmentaskólann. Fjarmentaskólinn er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskóla á Snæfellsnesi og FSN þar sem 10. bekkjum bauðst að taka áfanga í kjarnagreinum undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi ásamt skólastjórnendum FSN funda reglulega og bera saman bækur sínar. Þessi samvinna er ekki síst mikilvæg þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á námsmati í grunnskólum og á námsbrautum í framhaldsskólum. Um miðjan febrúar var framhaldsskólahermir í FSN. Þá komu nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna á Snæfellsnesi og fengu að vera nemendur í skólanum í einn dag. Þetta er í fimmta sinn sem þessi háttur er hafður á í kynningu á skólanum og hefur verið gerður góður rómur að þessu á meðal nemenda og kennara. Nemendur í Vesturbyggð komu í Framhaldsdeild skólans á Patreksfirði og kynntust skólastarfi þar.



Samvinna framhaldsskóla hélt áfram á vegum Fjarmentaskólans. Samvinnan felst í samstarfi á milli skólanna um hin ýmsu verkefni sem skólarnir þurfa að sinna, reglulegum samráðsfundum svo eitthvað sé nefnt.

Þá var Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri, í 50% starfi sem verkefnisstjóri verkefnis um eflingu starfsnáms á landsbyggðinni á vorönn. Verkefnið var samvinnuverkefni landsbyggðarskóla og verknámsskóla á höfuðborgarsvæðinu. Alls voru 17 skólar í þessu verkefni. Markmiðið með samstarfinu var að bæta verulega aðgang íbúa landsbyggðarinnar að fjölbreytilegu starfsnámi.


Allir nemendur skólans eru innritaðir á nýjar námsbrautir sem voru samþykktar í apríl 2017.

Unnið hefur verið samkvæmt vinnumatí í samræmi við samningum ríkisins við KÍ.

Haldið var áfram með innleiðingu á vendikennslu. Kennarar í FSN hafa verið að nýta sér vendikennslu sem hluta af kennsluaðferðum og í skólasamningi er það eitt af markmiðum FSN að vendikennsla sé nýtt í skólanum. Vendináam mun tvímælalaust styðja við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu.

2.3 Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við atvinnulífið og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi. Framtíðarsýn skólans er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.




2.4 Nám og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og við nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara og að þeir nái betri tókum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Í náminu er upplýsingatæknin nýtt á margvíslegan hátt og fléttast hún inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfanga bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn metur vinnu nemenda frá viku til viku.

Vorönnin 2020 var öðruvísi en allar aðrar annir í sögu skólans. Nemendafélagið hélt árshátíð 12.mars með sameiginlegu borðhaldi nemenda og starfsfólks og skemmtiatriðum frá nemendafélaginu en við aflýstum árshátíðaballinu vegna Kórónaveirunnar. Við vildum ekki of mikla nálægð nemenda. Daginn eftir árshátíðina komu fyrirmæli frá heilbrigðisráðherra um að öllum framhaldsskólum yrði lokað. Þetta var föstudaginn 13.mars.

Og við fórum öll heim. Staðan eftir þennan dag er okkur öllum nokkuð vel kunnug. Strax á mánudeginum hófst fjarkennsla, samkvæmt hefðbundinni stundaskrá og kennarar kenndu að heiman í TEAMS og nemendur lærðu heima.

Með lokun skóla var náttúrulega hefðbundið félagslíf nemenda úr sögunni þessa önnina. Það voru engin önnur böll, engin kaffihúsakvöld, engin Erasmusferð og engin nemendaferð til



Berlínar. Það var heldur ekkert skíðaferðalag og engin dimision. Og það voru ekki venjuleg dagleg samskipti á milli starfsfólks og nemenda heldur eingöngu samskipti á netinu.


Á meðan skólanum var lokað og hér voru engir nemendur og engir kennarar var unnið hörðum höndum að því að þrifa og bóna skólann, mála veggi og dytta að ýmsu sem þurfti að sinna eftir þessi 16 ár sem skólinn hefur starfað.

Það sem er mikilvægast í þessu öllu er að nemendur og kennarar kláruðu önnina samkvæmt áætlun og við náðum að halda nokkuð hefðbundna útskriftarhátíð þar sem við útskrifuðum 26 nemendur. Það skiptir ekki minna máli að á þessum tíma upplifðum við að bæði nemendur og starfsfólk voru mjög vel undirbúin og tilbúin til að takast á við kennslu af þessu tagi og engin stórvægileg vandamál komu upp. Nemendur mættu í tíma á netinu, skiluðu verkefnum og tóku próf. Enn einu sinni sönnuðum við hvað þær kennsluaðferðir sem hér hafa verið notaðar frá upphafi skólans eru í takti við nýja tíma og það er nokkuð ljóst að nemendur okkar eru þátttakendur í hinni títt nefndu fjórðu iðnbyltingu.

2.5 Námsmat

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat og því nánast engin lokapróf. Samkvæmt skóladagatali fyrir skólaárið 2018-2019 var sú breyting gerð á skóladagatali að ekki var gert ráð fyrir sérstökum prófdögum. Þessi breyting hefur haldist og nú er námsmat unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting var til komin vegna afar slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara hefur komið fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám. Kennsluhættir skólans eru sífellt til skoðunar í viðhorfskönnunum og kennslukönnunum. Í stað lokaprófa hafa verið lokaverkefnisdagar þar sem nemendur vinna lokaverkefni ýmist í hverjum áfanga eða þvert á áfanga. Markmið þessara lokaverkefna er að nemendur sýni og nýti þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í námi. Sagt hefur verið frá vinnu við leiðsagnarmat í skólanum í fyrri sjálfsmatsskýrslum.

Markmið skólans í leiðsagnarmati eru að:




- allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda,
- nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun,
- bæta námsárangur og ástundun,
- minnka brottfall,
- bæta líðan nemenda í skólanum,
- auka samvinnu kennara,
- skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarmats.

Einkenni leiðsagnarmats eru að nemandinn er þátttakandi í námsmatsferlinu og leitast er við að gera námsmatið að órjúfanlegum hluta af námi hans. Matið þarf því að vera innbyggt í kennsluna og kennarar gera ráð fyrir námsmati um leið og kennsla er undirbúin. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Leiðsagnarmat byggist á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu, skýrum markmiðum og matsviðmiðum til að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim. Nemendur fá tækifæri til að meta eigið nám með sjálfsmati svo þeir skilji tilganginn með námi sínu og hvað þarf til að ná árangri.

Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannanir reglulega. Síðan á skólaárinu 2017-2018 hefur ekki verið gert ráð fyrir lokaprófum eða prófum í lotuskilum og hefur það fyrirkomulag verið síðan. Þess í stað fá nemendur tvær umsagnir á hvorri önn og eru þær í bókstöfum. Nemendur fá síðan lokaeinkunn í annarlok og er sú einkunn í tölum.

Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötult þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ýtrasta. Kennarar FSN hafa farið víða og kynnt leiðsagnarmat.

Innan sjálfsmatshópsins höfum við rætt að það sé bæði nauðsynlegt og áhugavert að skoða hvort FSN er að ná þeim markmiðum sem sett hafa verði í leiðsagnarmati. Við náðum því ekki



Þetta skólaárið en stefnt er að því að skoða áhrif leiðsagnarmats og áhrif þess að í skólanum eru ekki lengur formleg lokapróf.

2.6 Nýir áfangar og nýjar brautir

Nýir áfangar hafa verið í smíðum á vorönn 2020 og verða þessir áfangar kenndir á haustönn 2020. Þetta eru m.a. áfanginn SAKA2SA05, GAME1TF05 og LÝÐH1HE04. Einn kennara skólans fór á námskeið í forritun og það var boðið upp á áfanga í forritun á þessi skólaári og á vorönn var boðið upp á áfanga í upplýsingatækni þar sem þrívíddarprentarinn nýttist vel.

2.7 Erasmusverkefni

FSN er þátttakandi í Erasmusverkefninu Science around us. Það er samstarfsverkefni sex skóla í jafnmörgum löndum og mun standa yfir til ársins 2020. Löndin sem taka þátt eru Grikkland, Finnland, Malta, Frakkland, Pólland og að sjálfsögðu Ísland. Nemendur ásamt kennurum hafa farið í ferðir til þessara landa og í febrúar 2020 komu þáttakendur til Íslands og heimsóttu FSN. Umfjöllunarefni í þessu verkefni er orka, umhverfið og loftlagsbreytingar og náttúruvísindi.

2.8 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og hefur skólameistari samráð við skólaráð samkvæmt reglugerð nr.260/2017 um skóladagatal og skipulag skólaársins.


3 Sjálfsmat í FSN

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2019-2020 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans: [Sjálfsmatsáætlun](#).

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2019-2020:

Haustönn 2019

- Kennslumat
- Skólapúlsinn



- Viðhorfskönnun útskriftarnemenda
- Rýnihópur útskriftarnemenda
- Sjálfsrýni kennara
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Viðhorfskönnun – líðan
- Brottfall
- Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda
- Ytra mat skóla
- Áætlun um umbætur

Vorönn 2020


- Kennslumat
- Viðhorfskönnun útskriftarnemenda
- Rýnihópur – útskriftarnemenda
- Sjálfsrýni kennara
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Brottfall
- Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda
- Áætlun um umbætur
- Viðhorfskönnun – aðstaða og skipulag kennslu

3.1 Um námsárangur

Heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall eru geymdar í INNU. Skólameistari kannar árangur í einstökum hópum, skimar einkunnir og skoðar nánar þau tilvik sem þörfnuðust skoðunar, með kennurum eða nemendum. Umsagnir eru gefnar tvisvar sinnum á önn og í lok annar fá nemendur einkunn í tölum. Nemendum sem brjóta reglur skólans varðandi námsárangur er boðið að skrifa undir samning um bætta ástundun. Þetta hefur gefist vel og oft hjálpað nemendum að finna rétta braut í náminu.

3.2 Kennslumat

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni um sjálfsmat er stefnan sú að meta kennslu hjá þriðjungu kennarahópsins á hverri önn. Þriðjungur kennarahópsins var metinn á haustönn 2019 og annar



Þriðjungur á vorönn 2020. Kannanirnar voru rafrænar, í gegnum LimeSurvey, þar sem nemendur voru beðnir um að nefna a.m.k. eitt atriði sem væri jákvætt við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara. Unnið var úr þessum kennslukönnunum og niðurstöður sendar til skólameistara sem fór yfir niðurstöðurnar með viðkomandi kennara. Kennarar skila áfangaskýrslum til skólameistara í lok annar. Áfangaskýrslu má sjá í **fylgiskjali 1**.

3.3 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti voru ekki gerð sérstök skil af sjálfsmatshópnum en kennarar vinna sjálfsmat og skila allir kennarar kennsluskýrslu til skólameistara í lok hvernar annar. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannasamtali við skólameistara. Sjá fylgiskjal 1.


3.4 Stofnun ársins

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Stofnunin flokkast með meðalstórum stofnunum með 20-49 starfsmenn. Svarhlutfall var 90% en fjöldi útsendra lista var 29 og fjöldi svarenda var 26. Rýnt verður í niðurstöður á haustönn 2019 og umbótaáætlun unnin af sjálfsmatshóp.

Svarhlutfall í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í starfsmannakönnun Gallup árið 2019 var 90%. Svarendur voru 26 og fjöldi útsendra lista var 29. Heildarmat var 4,25. Í niðurstöðum kemur fram að starfsandi er góður og fólk er stolt af sinni stofnun.

3.5 Framhaldsskólapúlsinn

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók þátt í Framhaldsskólapúlsinum haustið 2019. Með nemendakönnun Framhaldsskólapúlsins er lagt mat á námsumhverfi, vikni í námi og líðan nemenda. Niðurstöðurnar eru birtar í nafnlausum samanburði við sambærilega skóla.



Skólapúlsinn lagði könnun fyrir nemendur skólans í nóvember 2019. Matsþættir þessarar rannsóknar voru námsumhverfi, virkni í námi og líðan. Nemendur höfðu möguleika á að koma með opin svör í lok kannanirnar. Niðurstöður úr könnun skólapúlsins voru ræddar á kennarafundi og þær nýttar til að bæta skólastarfið.

[Tengill](#) á niðurstöður könnunar Skólapúlsins haustið 2019.

3.6 Viðhorfskannanir

Viðhorfskönnun er alla jafna lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri önn. Skólalald tók miklum breytingum eftir 16.mars þegar skólum var lokað vegna COVID-19 heimsfaraldursins og nemendur lærðu heima og kennarar kenndu að heiman. Viðhorfskönnun var því lögð fyrir eins og venjulega á haustönn en á vorönn var lögð stutt könnun fyrir nemendur á líðan og gengi nemenda í breyttu námumhverfi.

Í viðhorfskönnun eru ýmsir þættir kannaðir, s.s. líðan nemenda, viðhorf þeirra til aðstöðu til náms í skólanum og til skipulags kennslunnar. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er meginleg, í formi spurningalista, sem er sendur nemendum í gegnum LimeSurvey en þeir hafa u.þ.b. viku til að svara. Sjálfsmatshópur FSN ásamt kennurum skólans hefur hvatt nemendur til að svara. Sjálfsmatshópur FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýnnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi.

Fyrir nokkru síðan var hætt að leggja viðhorfskönnun fyrir alla nemendur á hverri önn. Svarhlutfall hafði þá ekki verið ásættanlegt og lengd könnunar möguleg ástæða lélegrar svörunar nemenda. Könnunin var þá tekin í tvo hluta og aðeins annar hlutinn kannaður á hvorri önn. Skólaárið 2019-2020 var hafður sami háttur og síðustu tvö ár þar sem lögð var áhersla á líðan nemenda á haustönn og á viðhorf nemenda til skólans og þjónustu innan hans á vorönn. Svörun á haustönn 2017 var 51% og á vorönn 2018 tæp 48%. Svörun á haustönn 2018 var 35%



og á vorönn 2019 31%. Í ár var annað árið þar sem auk viðhorfskönnunar voru tekin rýnivíðtöl við nemendur allra námsára.

3.7 Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta


Sjálfsmatshópur FSN kom fyrst saman 10. október og var fyrsta verk hans að undirbúa viðhorfskönnun meðal nemenda fyrir haustið 2019. Könnunin var stöðluð miðað við kannanir fyrri ára og var fyrst lögð fyrir nemendur 13. október. Könnunin var þá opin í viku og var svo lögð aftur fyrir 11. nóvember. Alls svöruðu 99 nemendur könnuninni (ólokin svör voru 30), sem gerir 47% svörun meðal allra nemenda, sem verður að teljast nokkuð gott og þá sér í lagi í ljósi þess að spurningarnar höfðu frekar til upplifunar staðnema, en þeir eru 132 talsins, og er þá raunveruleg svörun um 75%.

92% nemenda sem tóku þátt voru mjög eða frekar ánægðir með að vera í FSN, auk þess sem 90% þátttakenda leið mjög eða frekar vel í skólanum. Þá voru 90% svarenda á þeirri skoðun að félagslífið í FSN væri frekar eða mjög gott. 14% höfðu orðið vitni að einelti í skólanum stundum eða sjaldan og jafnframt töldu 7% sig hafa orðið fyrir einelti, sjaldan, stundum eða oft. Þá voru skiptar skoðanir um ágæti mötuneytisins í skólanum, en 51% líkaði maturinn þar vel eða mjög vel en 43% líkaði hann illa eða sæmilega.

3.8 Viðhorfskönnun vorannar – nám og kennsla

Ekki var tekin hefðbundin viðhorfskönnun á vorönn, en í ljósi breyttra aðstæðna vegna heimsfaraldurs COVID-19 var gerð könnun á líðan og gengi nemenda í nýju námsumhverfi.

Alls svöruðu 43 af 175 sem gerir 24,6% svörun. Það gefur augaleið að í ljósi lágs svarhlutfalls er erfitt að nýta niðurstöðurnar til þess að alhæfa yfir nemendahópinn allan, en þó kom margt áhugavert fram. Meirihluti aðspurðra taldi sig hafa náð að aðlagast nýju námsumhverfi mjög eða frekar vel (30% + 47%). 65% fannst álagið í náminu hafa verið hæfilegt og 58% leið þokkalega eftir að skólinn lokaði í samlökubanninu. Hvað aðstoð við námið varðar töldu 35%



nemenda sig geta fengið góða aðstoð ef þeir vildu, en 49% töldu sig aðeins geta fengið aðstoð við suma áfanga. Þá voru það helst kennarar (42%) og samnemendur (26%) sem veittu þá aðstoð.

Í opnum svörum í lok könnunarinnar kom fram að nemendur voru spenntir fyrir því að snúa aftur í hefðbundið skólastarf og jafnframt að kennarar þyrftu að athuga að um væru að ræða nýjar og breyttar námsaðstæður sem kölluðu á skilning kennara.

Hér eru dæmi um svör nemenda:

“Allt gengur vel hjá mér.”

Það er of mikið af verkefnum og mér líkar ekki við það að efa ég er búinn með eitt verkefni þá fæ ég ekki leingur á tilfíninguna á að ná að klára eitthvað.”


“Vona allt það besta fyrir krakkana sem eru að útskrifast. Vonandi geta þau haldið hefðbundna athöfn.”

3.9 Rýniviðtöl við nemendur

Tekin voru þrjú rýniviðtöl á skólaárinu við útskriftarnema. Fóru þau fram í desember og tvö í júní. Í rýniviðtölum er markmiðið að fá betri svörun frá nemendum. Auk þess eru rýniviðtöl góður vettvangur til þess að kanna betur ákveðna þætti sem vekja athygli sjálfsmatshópsins eins og viðhorf þeirra og upplifun af skólanum.

3.9.1 Rýniviðtal haustönn 2019


Þann 4. desember 2019 var tekið rýniviðtal við þrjú nemendur úr hópi útskriftarnema skólans á haustönn 2019. Allur útskriftarhópurinn var boðaður í viðtal með tölvupósti og mættu þrír. Viðtalið stóð alls í 37 mínútur og var tekið upp á tölvu og síma. Unnið var gróflega úr svörum nemenda og má sjá þau hér í samantekt að neðan. Almennt voru nemendur ánægðir með skólann, námsmat, kennslu og aðstöðu, í meginráttum.



3.9.2 *Samantekt:*

Nemendur voru ánægðir með að vera í fjölbrautaskóla með áfangakerfi, en ekki bekkjarkerfi. Sumir nemendur mátu það svo að þannig næðu nemendur að kynnast fleirum en ella, þó vissulega gæti það talist til ókosta að fylgja ekki sama fólkinu að. Kerfið og fyrirkomulagið í skólanum henti vel fyrir nemendur til að finna styrkleika sína og byggja á þeim – einbeita sér að því sem þeir telja sig betri í. Námsmat í skólanum þykir þeim þægilegt, þar sem áherslan á símat gefur raunhæfari mynd af getu og framvindu nemenda, frekar en lokapróf þar sem allt er undir. Með símati séu nemendur að einbeita sér að því sem þau gera hverju sinni og nemendur græði á því að vinna jafnt og þétt í gegn um önnina. Nemendur taka mark á umsögnum, hvort sem um er að ræða umsagnirnar tvær eða endurgjöf á stök verkefni. Þó mættu kennarar passa upp á að endurgjöf sé ítarlegri á verkefni nemenda. Umsagnirnar halda fólki á tánum. Þær eru iðulega lýsandi og auðvelt að fá skýringar. Upplifun nemenda af fjarverunni er almennt jákvæð. Hún getur veitt þá tilfinningu að fjarverandi nemandi sé meira innifalinn heldur en annars. Getur skapað betri tengsl. Fjarfundabúnaðurinn sé í sumum tilvikum betri en hvort tveggja sé betra en að nota bara Skype. Fjarverukennsla hentar líklega misvel eftir námskeiðum, t.d. hafi kennsla í fjarveru í stærðfræði ekki reynst vel. Þar vantar upp á samskipti við kennara og þá vantar upp á að kennari geti sýnt nemendum hvernig á að vinna tiltekin verkefni þegar hann er í fjarverunni.

Námið í FSN, þá sér í lagi hópavinna, er góður grunnur að áframhaldandi námi. Viðmælendur ætla allir að byrja á að vinna eftir áramót áður en þeir fara í frekara nám. Fyrir framhaldsdeildarnema á Patreksfirði er eitt sem nemandur geta sérstaklega tekið með sér úr náminu en það eru sjálfstæð vinnubrögð. Samskipti og andi í skólanum er almennt góður en það vantar upp á tengsl á milli framhaldsdeildarnema á Patreksfirði og staðnema. Sumir hafi náð að koma sér upp tengslaneti en aðra skortir verkfæri til þess þegar þeir eru hér. Ein lausn sem var nefnd var sú að nemendurnir myndu skiptast á að gista í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík til að auka líkurnar á því að þau gætu hitt nema frá fleiri stöðum en Stykkishólmi utan skólatíma. Það þyrfti þó einhvern vettvang fyrir nema til að hittast, einhverja leið til að



brjóta upp samskiptin og mynda einn sameiginlegan nemendahóp. Þá sérstaklega meðal nýnema. Það myndi auka og auðvelda samskipti út framhaldsskólagönguna. Samskipti við kennara eru góð. Það er ekki flókið að ná sambandi við kennara, en nemendur framhaldsdeildar geta átt erfitt með að ná til kennara til þess að fá aðstoð við vinnu sína í tímum. Þetta þurfi að laga.


Námskröfur telja nemendur vera fínar. Erfitt að svara því þar sem þeir hafa ekki samanburðinn. Erfiðleikastigið fer eftir áhuga. Verkefnaálagið er gott og slæmt. Passa þarf að hafa ekki verkefni bara verkefnanna vegna. Verkefnaálagið þurfi að henta efninu sem er verið að taka fyrir. Nemendur telja ekki vanta fleiri lokapróf en aftur á móti mættu kennarar leggja fleiri kannanir fyrir, eða minni próf. Prófa staka hluta námsefnis (eða kanna þekkingu á þeim með prófum) reglulega yfir önnina. Námsráðgjöf er góð og auðvelt að nálgast hana og nemendur hika ekki við að nýta sér ráðgjöfina. Ekki er talin vöntun á frekari þjónustu.

Aðrar ábendingar:

- Væri kostur að geta farið í verknám, t.d. smíði, hér.
- Mætti vera fjölbreyttara námbrautaframboð.
- Sumt í náminu virðist ekki vera planað fyrir þá sem eru í framhaldsdeildinni á Patreksfirði.
- Bæta mætti námsaðstöðu fyrir nemendur þegar þeir eru ekki í skólatímum, t.d. með því að setja upp námsver, eins og tíðkast víða á bókasöfnum t.d. Rýmið utan kennslustofa sé í raun meira félagslegt rými heldur en að það henti fyrir nám. Það þarf að skilja betur á milli félags- og skólalífs. Þetta á við um aðstöðu á Patreksfirði og Grundarfirði. Þetta myndu nemendur nýta sér og myndi auðvelda þeim að vinna meira á skólatíma utan skólastunda.

3.9.3 Rýnivíðtöl við útskriftarnema

Tekin voru tvö viðtöl við útskriftarnema vorið 2020, þann 8. júní og 15. júní. Í fyrra viðtalinu voru fjórir viðmælendur og í seinna viðtalinu voru viðmælendur þrír. Tveir kennarar úr sjálfsmatshóp sáu um viðtölin og sá þriðji skrifaði þau upp. Viðtölin stóðu í um 50 mín hvort. Hér verða niðurstöður þessara viðtala teknar saman.




Almennt séð voru nemendur ánægðir með hvernig kennarar í FSN færðu kennsluhætti í skólanum inn í nýtt umhverfi í kjölfar samkomubannsins föstudaginn 13. mars. Helstu viðbrigðin voru þau að vera ekki lengur í félagslegri návist samnemenda og að öll samskipti urðu í samkomubanni algerlega rafræn. Almennt voru nemendur ánægðir með samskipti við kennara, þeir hafi verið í flestum tilvikum fljótir að svara þó með einhverjum undantekningum. Þeir sem svöruðu seint eða illa fyrir samkomubann, svöruðu ekkert betur í breyttum aðstæðum. Þó var almenn ánægja með nýjar samskiptaleiðir á borð við spjallið í TEAMS. Nemendum fannst almennt eðlilegt að fá svör við fyrirspurnum innan vinnudags, sama með hvaða hætti. Almennt voru allir kennarar tilbúnir til að veita aðstoð og þjónustu.

Hvað námstilhögun og náms- og kennsluaðferðir varðar voru nemendur almennt á því að vinnufyrirkomulagið og leiðsagnarmatið sem er eitt af aðalsmerkjum FSN sé almennt hagnýtt og gott. Það sé mun betra að læra jafnt og þétt yfir alla önnina frekar en að áhersla sé lögð á lokapróf. Kennarar þurfi að reyna að passa upp á að samhæfa álag í áföngum en almennt sé þetta fyrirkomulag gott og að nemendum finnst auðvelt að sækja sér hjálp við verkefnavinnunna. Umsagnir eru jákvæður hluti af þessari heildarmynd en nemendur nefndu að kennarar þurfi að passa að láta skýringar fylgja bæði í tvíteknu annarumsögnunum sem og í endurgjöf fyrir verkefni.

Útskriftarnemandi sem hefur stundað allt sitt nám í fjarnámsdeild á Patreksfirði var ánægður með jákvæða breytingu á tímum samkomubanns í vor. Kennarar voru almennt fljótari að svara tölvupósti. Þeim þótti líka gott að sitja við sama borð og aðrir nemendur þar sem nú voru allir í tíma yfir tölvuna í gegnum samskiptaforrit (Teams).

Útskriftarnemendur voru ánægðir með þá hæfni sem þeir höfðu tileinkað sér og þá þekkingu sem þeir höfðu aflað sér í námi sínu við FSN. Þar var sérstaklega nefnt mikilvægi þeirra sjálfstæðu vinnubragða er nám við skólann krefst auk margþættrar reynslu í ýmiskonar verkefnagerð, kynningum o.þ.h. Þó megi reyna að efla félagslíf nemenda innan skólans.



Nemendur voru beðnir um að lýsa skólanum í þremur orðum og mátti merkja ákveðna samstöðu um að m.a. stæði skólinn fyrir:

Sjálfstæði, fjölskyldu (þ.e. persónuleg og nán samskipti), frumkvæði, reynslu og skemmtun.


3.10 Húsfundir með nemendum og starfsfólki FSN

Skólaárið 2019-2020 fór fram einn húsfundur í skólanum með nemendum og starfsfólki. Fór fundurinn fram 26. Nóvember 2019, þátttakendur voru nemendur og starfsfólk skólans eins og fram hefur komið. Fundurinn fór fram í matsal skólans og fór þannig fram að nemendur settust við það borð sem þeir vildu og reynt var að hafa einn starfsmann á hverju borði til að stjórna umræðum. Umræðuefni fundarins voru fyrst og fremst niðurstöður viðhorfskönnunar og var svo tveimur spurningum varpað fram: A) Hvernig getum við fengið betri svörun? (við viðhorfskönnunum) og B) Hvað er hægt að gera til að bæta mötuneytið?. Starfsfólk tók að sér að skrá niður svör nemenda sem voru svo þemagreind og notuð til útbóta.

Húsfundurinn gaf af sér margar nytsamlegar hugmyndir, sumar hverjar sem hægt var að hrinda strax í framkvæmd.

3.11 Fjárhagur og rekstur

Markmið Fjölbrautaskóla Snæfellinga er að rekstur hans sé í samræmi við fjárhagsáætlun og ávallt sem hagkvæmastur. Það markmið náðist á árinu 2019. Breyting varð á rekstrarumhverfi skólann þegar við tókum við rekstri mötuneytis skólans. Þessi breyting hafði mikil áhrif á fjárhag skólans en við teljum að það skipti miklu máli að í skólanum sé rekið gott mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk.



3.12 Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

Í ytri úttekt sem gerð var haustið 2014 var bent á ákveðna styrkleika og veikleika og hefur verið unnið að því að bæta úr veiklu þáttunum eftir megni. Einnig er unnið að úrbótum þegar einhverjir veikleikar koma upp í innra mati skólans.

3.12.1 Styrkleikar

Styrkleikar FSN eru fjölmargir. Það kemur fram í innri úttekt, viðhorfskönnunum, niðurstöðum í stofnun ársins og rýnihópum að andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er almennt góð. Samskipti milli nemenda og starfsfólks eru góð og nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafna sem sanngjörn og lýðræðisleg. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í nær öllum áföngum og kennslustundir eru skipulagðar með því markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðnámi og fjarnámi. Við skólann starfar vel menntað fólk sem hefur metnað fyrir hönd skólans og námsárangri nemenda sinna.


Það kom þess utan mjög skýrt í ljós þegar aðstæður alls skólasamfélagsins breyttust í samkomubanni sem tók gildi 13. mars 2020 hve vel undirbúnir kennarar og starfsfólk skólans var að takast á við breyttar aðstæður. Kennarar skólans eru sérlega tæknilega sinnaðir auk þess að vera nýjungagjarnir og sveigjanlegir sem skipti sköpum þegar allt nám færðist yfir í fjarnám.

3.12.2 Veikleikar

Vegna smæðar skólans er námsframboð ekki eins fjölbreytt og við myndum óska. Ef við náum að vera með einhvern fjölda nemenda í fjarnámi þá eykur það líkurnar á því að hér sé fjölbreytt flóra af alls konar áföngum.

3.12.3 Umbætur og tækifæri

Við höfum samstarf á milli skólastiga á Snæfellsnesi þrjú fundir voru haldnir með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar skipulagt. Eins og áður fóru skólameistari og námsráðgjafi á fundi með foreldrum á öllu upptökusvæði skólans og



námsráðgjafi hitti alla nemendur 10.bekkjara á svæðinu. Á vorönn höfum við framhaldsskólahermin í skólanum en þá er öllum nemendum 10.bekkjara á upptökusvæði skólans boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki og er nú orðinn fastur liður í starfsemi skólans.

Samstarf í Fjarmentaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN býður ekki upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmentaskólunum. Þetta samstarf er líka mikilvægur vettvangur þar sem stjórnendur í þessum skólum hittast á símafundi reglulega allan veturinn.

Á vorönn 2019 hófst samstarf um starfsnám á landsbyggðinni þar sem framhaldsskólar á landbyggðinni og leiðandi skólar á landsvísu á tilteknum námsviðum ákváðu að nota skólaárið 2019-2020 til að koma á heildstæðu skipulagi starfsnáms sem bætir verulega aðgang íbúa landsbyggðarinnar að fjölbreytilegu starfsnámi. Starfsmaður verkefnisins kom frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga og hefur margt unnist í þessum efnum á skólaárinu, þó heimsfaraldur hafi vissulega sett strik í reikninginn. Útlit er fyrir möguleika á tveimur starfsnámsgreinum sem kenndar yrðu í nokkurskonar fjarnámi/lotunámi strax næsta haust.

Í síðustu sjálfsmatsskýrslu var formleg stefna skólans og efling mannauðs m.a. nefnd til veikleika. Haustið 2019 var ráðinn mannauðsstjóri í 25% stöðu sem hefur það m.a. á sinni könnu að vinna að stefnumótun fyrir skólann, auk þess sem hann sinnir móttöku nýrra starfsmanna, fræðslumálum og öðru. Má því telja úrbætur á því sviði hafnar.

Við stefnum að því að skólaárið 2020-2021 verði hafin vinna við nýja braut þar sem áherslan mun vera á nýsköpun. Í tengslum við þessa áætlun munum við bjóða upp á áfanga í tölvuleikjagerð, stuttmyndagerð og uppfæra áfanga sem ættu heima á þeirri braut. Við í Fjölbrautaskóla Snæfellinga horfum með bjartsýni á næsta skólaár. Allar stöður í skólanum eru skipaðar metnaðarfullu fólki sem hefur menntun á sínu sviði og er tilbúið að taka þátt í fjórðu iðnbyltingunni.





Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla

Áfangaskýrsla kennara

Undirrituð áfangaskýrsla afhendist skólameistara í síðasta lagi á kennarafundi .

Hver kennari skilar skýrslu um hvern áfanga sem hann kennir á önninni.

Áfangi	Önn	Kennari
	V 2020	

- 1. Stutt skýrsla um kennsluna og yfirferð námsefnis:**
- 2. Hvað viltu segja um þann tíma sem þú kenndir að heiman eftir að skóla var lokað 13.mars 2020:**
- 3. Námsmat/Dreifing einkunna – skýrsla úr INNU.**
 - Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag):
 - Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag):
 - Hlutfall nemenda með falleinkunn:
 - Meðaleinkunn:
 - Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU):

Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi áfangann, hverju ætti að breyta og hvað hefur gengið vel.

- Vegna fagsins (kennsluáætlun, kennsluefni, skipulag áfangans, yfirferð, námsmat o.þ.h.)
- Vegna annars (aðstaða, töfluskipulag, kennsla að heiman o.þ.h.)

Hvaða þrjú orð lýsa best líðan þinni á þeim tíma sem skólinn var lokaður:

FJÖLBRAUTASKÓLI SNÆFELLINGA
Sjálfsmatsskýrsla 2019-2020



Áritun kennara: _____ Dags: _____


Áritun skólameistara: _____ Dags: _____

Skýrslan tekin fyrir á fundi:



Umbótaáætlunin er unnin af sjálfsmatshópi Fjölbrautaskóla Snæfellinga fyrir skólaárið 2019-2020


1. Stjórnun og skipulag				
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tíma-setning	Ábyrgð	Staða
Virkja þarf mannauð skipulegar og betur við stefnumótun innan skólans.	Skólaráð vinni skv. lögum frá 2008 og verði skólameistara til ráðgjafar við stefnumótun.	Fundir skólaráðs eru eftir þörfum.	Sk.m. og skólaráð.	Skólaráð hefur ekki hist oft í vetur. Hluti skýringar er í lokun skólans vegna COVID-19..
	Reglulegir húsfundir þar sem nemendur og starfsfólk vinna við stefnumótun.	Húsfundir - fastir a.m.k. einu sinni á önn.	Sk.m	Húsfundur var á haustönn en féll niður á vorönn vegna COVID-19.
Gera þarf skipulegar áætlanir um framkvæmd formlegrar stefnumótunar og	Sett verði niður verkáætlun fyrir hverja önn um hvernig stefnumótun verður framkvæmd.	Skipulag og dagskrá fagfunda ákveðin að hausti.	Sk.m og aðst.Sk.m .	Mannauðsstjóri og skólameistari hafa hafið undirbúning að vinnu við stefnumótun og markmiðssetningu.



markmiðssetningar.				
Vantar verklagsreglur um helstu verkferla	Verklagsferlar á heimasíðu	Haustönn 2018	Aðst.Sk. m i og skólaritari.	Ný heima-síða var tekin í notkun fyrir jól 2018. Skólaráð hefur farið yfir helstu verkferla.
Eftirliti með að farið sé að verkferlum ábótavant.	Sett fram í verkferlum hvaða aðili hefur yfirumsjón með hverjum þætti.	Sífelld í gangi og endurskoðað í lok skólaárs.	Skólam eistari.	Vinna við endurskoðun enn í gangi, bæði á vinnufundum kennara, fundum skólaráðs og húsfundum
Viðbrögð vegna brottfalls eru ekki nægilega skilgreind og markviss.	Áætlun um aðgerðir gegn brottfalli endurnýjuð.	Haustönn 2020.	Aðstoð arskólar meistar i og námsráðgjafi.	Enn er unnið að aðgerðum gegn brottfalli.
Ekki skýr sjálfsmatsviðmið til þess að meta stöðuna með sambærilegum hætti frá ári til árs ellegar til lengri tíma.	Sjálfsmatshópur mun vinna að því að skrifa viðmið sem notuð eru og setja þau á síðu skólans.	Maí 2020.	Sjálfsmatshópur.	Náðist ekki að ljúka þessu verkefni. Verður tekið upp veturinn 2020-2021



Framsetning sjálfsmatsgagna og greiningu þeirra ábótavant.	Viðhorfskönnun er skipt í tvennt þannig að helmingur atriða komi til mats á haustönn og helmingur á vorönn.	Haustönn 2016.	Sjálfsmats- hópur.	Viðhorfskönnun skipt í tvo hluta Frá haustönn 2017
	Bera saman til lengri tíma og reyna að finna skýringar á breytingum yfir tímabil.	Maí 2016.	Sjálfs- mats- hópur.	Hefur verið gert Frá sjálfsmats- Skýrslu 2016- 2017
2. Kennsla og námsframboð				
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgð araðili	
Skólinn gerir hvorki grein fyrir námsmatsviðmiðum sínum né matskvörðum.	Til að gera námsmatsviðmið skýrari verða kennsluáætlanir birtar á heimasíðu skólans.	Haust 2016.	Skóla- ritari.	Kennsluáætlanir birtar á heimasíðu
	Skráð námsmatsviðmið fylgi	Vor 2016.	Skóla- m, aðstoða	Ný skirteini tekin í notkun og með




	útskriftarskírtein um og verði sýnileg á heimasíðu skólans.		rskólam . og skóla-ritari.	skírteinum fylgja námsmatsviðmið.
Endurgjöf á kennslu og kennsluhætti er fremur ómarkviss.	Settar upp verklagsreglur.	Upphaf haustannar 2016.	Sjálfsmatshópur.	Ekki lokið
Námsmatsviðmið og matskvarða þarf að gera skýrari.	Setja skýringar við matskvarða á heimasíðu skólans.	Haustönn 2016.	Skólam eistari, aðstoða rskóla-meistar i og skólaritari.	Útskýringar á heimasíðu á umsagnir sem gefnar eru tvisvar á önn. Umfjöllun um námsmat er á síðunni.
Starfsbraut býr við þröngan húskost og verknámsaðstaða hennar er utan skólans.	Nemendur starfsbrautar stunda töluvert starfsnám innanhúss, t.d. með flokkun sorps og frágangi í matsal. Verknám við raunaðstæður, utan skólans er tvímælalaust kostur, þar sem	Á húsfundi sem haldinn var með nemendum og starfsfólki í apríl 2016 komu upp ýmsar hugmyndir um möguleika þess að færa starfsbraut á annan stað innanhúss. Þær	Skólam eistari og deildars tjóri starfsbrautar.	Starfsbraut hefur verið á öðrum og betri stað í húsnæði skólans síðan haustið 2017. Aðstaðan er bjartari, stærri og mjög miðsvæðis.



	hlutverk skólans er að gera nemendur starfsbrautar hæfari þegna í lýðræðissamfélagi.	hugmyndir munu verða metnar enn frekar við úrvinnslu niðurstaða fundarins.		
Búnaður í verklegum stofum til raungreinakennslu er ófullnægjandi.	Kennarar í raungreinum eru um þessar mundir að greina þörf fyrir tæki og búnað sem verður keyptur.	Vorönn 2016 og haustönn 2016.	Raungreina-kennarar.	Töluverð endurnýjun hefur orðið í búnaði til raungreinakennslu.
4. Samskipti og líðan				5.
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	
Brotalamir eru á samskiptum einstaka kennara við nemendur.	Kannað verður algengi þess að nemendum þyki samskipti við kennara ekki nægilega góð.	Haustönn 2016.	Sjálfsmats-hópur,	Rýnt í þessi samskipti í rýnihópum og viðhorfskönnunum.
Viðurlög við skólareglum	Setja skýrari upplýsingar á heimasíðu	Júní 2016 og haustönn 2016.	Skólam. og	Unnið af skólaráði veturinn 2017-




eru lítt eða illa skilgreind.	skólans og vinna þær í samræmi við reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum og námskrá framhaldsskóla.		skólaritari.	2018 og 2018-2019.
Skólafélagið er ekki virkur hagsmunagæslu aðili fyrir nemendur.	Blása lífi í skólaráð þar sem fulltrúi nemenda á sæti. Unnið skv. reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum og námskrá framhaldsskóla.	Á vorönn 2016 voru haldnir fundir í skólaráði. Fundir verða settir inn á skóladagatal framvegis.	Skólam.	Nemendur ekki nógu virkir í skólaráði né sjálfsmati en þeir eiga fulltrúa í skólanefnd.
Erfitt er að virkja alla nemendur til þátttöku í félagslífi vegna dreifðrar búsetu þeirra.	Sækja um styrk til sveitarfélaga vegna langferðabíla á viðburði innan skólans.	Haustönn 2016.	Skólam. og félagsmála-fulltrúi.	Boðið upp á rútur á stærri viðburði.




Foreldraráð er ekki mikilvægur samstarfsaðili við stjórn skólans.	Í þeim tilgangi að efla foreldraráð skólans verður einn samráðsfundur aðila foreldraráðs, stjórnenda og fulltrúa nemendafélags auglýstur/settur inn á skóladagatal einu sinni á önn.	Haustönn 2016.	Skólam.	Ekki hefur gengið að stofna eða virkja -. Fundir með foreldrum á haustin og vorin.
Upplýsingar um umsjónarkennara.	Setja upplýsingar um umsjónarkennara og viðtalstíma þeirra á heimasíðu skólans.	Haustönn 2016.	Skólam og skólarit.	Ekki komið á nýja síðu skólans.
4. Húsnæði og aðbúnaður				
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgðaraðili	



<p>Skólabókasafn er ekki til staðar.</p>	<p>Bækur eru víða innan skólans og er aðgengi bæði nemenda og kennara gott að þeim á öllum stöðum. Auk þess standa að skólanum fimm sveitarfélög sem öll hafa bókasafn og afar gott samstarf er við bókasafnið í Grundarfirði en nemendur fá bækur gjarnan sendar til sín í skólann og sóttar að notkun lokinni. Kannað verður meðal nemenda og kennara skólans hverja þörf þeir telja fyrir bókasafn.</p>	<p>Haust 2016.</p>	<p>Sjálfs- mats- hópur.</p>	<p>Ekki hefur verið talin þörf á bókasafni í skólanum þar sem góð bókasöfn eru á svæði skólans.</p>
<p>Lokanlegar kennslustofur eru of fáar.</p>	<p>Samkvæmt hugmyndafræði skólans er ekki reiknað með að</p>	<p>Á ekki við.</p>	<p>Á ekki við.</p>	<p>Íþróttasal skólans var breytt í fjölnota-rými.</p>




	kennsla fari fram í lokuðum kennslustofum. Þörfin fyrir þær er helst til staðar þegar fjarfundabúnaður er nýttur til kennslu og verið er að sýna kvikmyndir.			
Verklegar kennslustofur eru ekki nægilega vel búnar.	Kennarar í raungreinum eru um þessar mundir að greina þörf fyrir tæki og búnað sem verður keyptur.	Á vorönn 2016 og á haustönn 2016.	Raungreinakar.	Ýmis búnaður hefur verið keyptur.
Aðstaða til íþróttaiðkunar er einhæf og fullnægir ekki þeim kröfum sem gera þarf til almennra og fjölbreyttra skólaíþróttar.	Á húsfundi í apríl sl. komu m.a. fram hugmyndir um íþróttaaðstöðu utanhúss auk þess sem óskir komu fram um að fá að stunda íþróttir annarsstaðar í	Vinna þegar hafin.	Skólam. Íþróttakennari	Íþróttir eru stundaðar utanhúss, í íþróttahúsi Grundarfjarðarbæjar og í crossfit stöð í Grundarfirði.



	<p>samfélaginu. Möguleikar til breytinga verða skoðaðir í samræmi við lög og reglugerðir.</p>			
<p>Skólahúsnæðið á Patreksfirði er of lítið fyrir þá starfsemi sem þar er.</p>	<p>Verið er að vinna að hugmyndum um stækkun húsnæðis á Patreksfirði með tilliti til fjölgunar nemenda í deildinni.</p>	<p>Vinna þegar hafin.</p>	<p>Skólam. og deildarstjóri Framhaldsdeildar á Patreksfirði.</p>	<p>Nemendum í Framhaldsdeild á Patreksfirði hefur ekki fjölgað þannig að stækkun á húsnæði er óþörf að sinni.</p>
<p>Vinnuaðstaða kennara er of knöpp.</p>	<p>Búið er að leita hugmynda og tilboða til að bæta vinnuaðstöðu kennara.</p>	<p>Búið er að bæta vinnuaðstöðu töluvert.</p>	<p>Skólam. og húsvörður.</p>	<p>Fleiri vinnuborð hafa verið keypt í vinnustöðu kennarar, upphækkanlegt borð, iðjuþjálfari var fenginn til að fjalla um starfsstillingar og vinnu-aðstöðu. Starfsfólk hefur aðstöðu til slökunar og íhugunar í litlu herbergi með</p>



				góðum hægindastól. Þetta rými er mikið notað.
5. Lykilárangur				
Athugasemd úttektaraðila	Leið til úrbóta	Tímasetning	Ábyrgð araðili	
Ekki hefur tekist að draga úr brottfalli úr skóla.	Aukin námsaðstoð við nýnema, farið yfir einstaklingsþarfi r nýnema og reynt að koma til móts við þær eins og unnt er.	Verkefni námsráðgjafa og aðstoðarskm í upphafi skólaárs.	Aðstoð arskóla meistar i og námsráðgjafi.	Brottfall hefur ekki minnkað nægilega.
Nothæfar aðferðir skortir til þess að meta hversu vel skólinn sinnir grunnþáttum menntunar.	Sjálfsmatshópur mun taka þetta verkefni á sitt borð.	Haustönn 2020.	Skólam eistari og aðstoða rskólam eistari.	Grunnþættir eru ekki nægilega sýnilegir.
	Settir verða á deildarfundir þar sem kennarar rýna í þær leiðir sem þeir nýta við	Haustönn 2020	Skólam eistari og aðstoða r-skóla-	



	vinnu með grunnþætti. Sjálfsmatshópur fær punkta af fundunum og setur fram umbótaáætlun sé hennar þörf.		meistar i.	
Grundarfirði 01.08.2020 Sjálfsmatshópur Fjölbrautaskóla Snæfellinga Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari Freydís Bjarnadóttir stærðfræðikennari Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri Gísli Pálsson íþróttakennari				

Sjálfsmatshópurinn skipa: Freydís Bjarnadóttir, Gísli Pálsson, Hermann Hermannsson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir.

